

FUNDUR SKÓLARÁÐS HOFSTAÐASKÓLA

27. MAÍ KL. 14.15. -15.15

Mættir voru: Kristrún, Elísabet, Amit, Sigrún, Jana, Hildur, Hafðís og Margrét.

Dagskrá:

Skóladagatal Hofsstaðaskóla 2024-2025.

Lagt fram með skertum dögum og uppbrotsdögum. HS leikar, fjallaferðir og vorferðir. Skólasetning, skólaslit, öskudagu, nemenda- og foreldrasamtalsdagar eru skertir dagar. Birt með fyrirvara um breytingar. Skóladagatalið var samþykkt án athugasemda.

Niðurstöður Ungt fólk – Rannsókn og greining.

Kynning á niðurstöðum fyrir Garðabæ verða á opnum fundi í Sveinatungu 23. maí n.k. kl. 17.00 og í streymi. Niðurstöður Hofsstaðaskóla eru kynntar sérstaklega hér.

Okkar börn eru mjög svipuð og önnur börn í Garðabæ sbr. sk. lykiltölur. Heilt yfir eru þau að koma mjög vel út og stundum betur en í Garðabæ. Þau eiga aðeins fleiri vini í skólanum og fá oftar hrós, finnst örlítið minna gaman að lesa og finnst námið ekki eins skemmtilegt. Talsvert fleiri æfa íþróttir og stunda tónlistarnám og annað félags- og tómstundastarf. 97% barna í Gb eiga auðvelt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum og 99% líður vel heima hjá sér. Fleiri af okkar segja foreldra þekkja vini þeirra.

Strákunum okkar líður eins og öðrum í Gb, 7. bekk betur. Stelpunum líður örlítið betur (nema 7.b.) Ath. niðurstöður með „eiga erfitt með að sofna og sofa“. Stríðni þar eru lágar tölur. Þurfum að skoða betur t.d. 6.b og bera saman við Skólapúlsinn. Þeim líður vel í kennslustundum, í frímínútum og líkar við kennarana. 5. og 7.b. finnst námið of létt. 5. bekk hrósað mest. Mikil aukning á milli ára varðandi samfélagsmiðla. Stelpur og strákar í 7. bekk. Miklu fleiri strákar spila tölvuleiki. 70-83% lesa annað en skólabækur í minna en 30 mín á dag.

Skólapúlsinn

Hann er lagður fyrir fjórum sinnum á ári í 6. og 7. bekk og er það úrtak nemenda sem svara hverju sinni. Helstu niðurstöður eru að við erum marktækt yfir landinu hve varðar vellíðan nemenda og í tíðni leiðsagnarmats sem er hækkun frá fyrri árum. Hins vegar upplifa þeir að það þurfi meiri aga í kennslustundum og að það væri hægt að auka virkni og þátttöku þeirra í kennslustundum. Nemendur hafa trú á eigin getu og áhugi á náttúrufræði er að aukast. Þeir tengjast öðrum nemendum vel og hafa ánægju af lestri og stærðfræði.

Samantekt skólaárs

Það helsta er að húsnæðið hefur reynst vel eftir endurbætur og er smám saman að takast að ljúka öllum verkþáttum. Þróunarverkefni hafa gengið mjög vel og hefur skólaráðið fengið kynningu á þeim. Leikjaleiðtogar er þróunarverkefni í samstarfi við aðra skóla í bænum og kemur vonandi til framkvæmda á næsta skólaári. Agamál og viðbrögð við þeim hafa verið mikið á dagskrá og ljóst að skerpa þarf á verkferlum. Allir starfsmenn verða að vera samstíga í því að taka á óásættanlegri hegðun. Samstarf við foreldra hefur gengið vel og eru þeir virkir þátttakendur með kennurum og stjórnendum í því að vinna með hegðun nemenda. *Samskiptasáttmáli Garðabæjar* sem er unninn út frá *Gegn einelti í Garðabæ* hefur verið gefinn út og verður kynntur í haust. Þegar er farið að vinna eftir því verklagi þar sem þar er sett upp og er þrepaskipt. Unnið er að innleiðingu farsældarlaga og þrepaskiptrar þjónustu í anda þeirra. Afturför er í tækjamálum og tækin færri og eldri. Tölvum kennara var þó skipt út á skólaárinu.

Næsta skólaár

Búið er að marka stefnu í tækjamálum fyrir næsta skólaár, spjaldtölvur fyrir 1. – 3. bekk, tæki á barn, Fartölvur fyrir 4. bekk og Chromebooktæki á barn í 5. – 7. bekk. Þessu fylgir breytt verklag. Framundan er að klæða húsið að utan og svo kemur vonandi að skólalóðinni sem þarfnast endurnýjunar og gagnberra þrifa.

Nú eru skráðir 475 nemendur í skólann. 7. bekkur alls 91 nemandi kveður og 52 hefja nám í 1. bekk. Það fækkar því um eina bekkjardeild sem er jákvætt m.t.t. húsnæðis. Tveir kennarar fara í launalaust leyfi. Fimm hætta og fara annað. Umsjónarmaður frístundaheimilis og aðstoðarmaður hans hætta. Búið er að ráða fyrir þá. Stuðningsfulltrúar sem ráðnir voru tímabundið hætta flestir. Búið er að ráða í allar stöður kennara og unnið að því að ganga frá öðrum ráðningum og aftur verður auglýst í vor og haust eftir stuðningsfulltrúum og leiðbeinendum á frístundaheimili.

Skólaráð 2024-2025

Kosnir verða nýir fulltrúar kennara og starfsmanna, kosnir nýir fulltrúar nemenda úr 6. bekk, sú vinna stendur yfir. Fulltrúar foreldra hætta báðir og kemur Amit Paul inn sem annar fulltrúinn. Fulltrúi grenndarsamfélags heldur áfram.

Skýrsla skólaráðs

Hún var send út með fundarboðinu. Hún var samþykkt án athugasemda.

Skólaráði er þakkað fyrir ánægjulegt samstarf og vel unnin störf.

Margrét Einarsdóttir
aðstoðarskólastjóri